

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 110/2019

2019/EES/57/26

frá 8. maí 2019

um breytingu á II. viðauka við EES-samninginn (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/26 frá 8. janúar 2019 um viðbót við löggjöf Sambandsins um gerðarviðurkenningu að því er varðar útgöngu Bretlands úr Sambandinu ⁽¹⁾, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 11, 14.1.2019, bls. 34.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi lið er bætt við á eftir 49. lið (framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/79) í I. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„50. **2019 R 0026:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/26 frá 8. janúar 2019 um viðbót við löggjöf Sambandsins um gerðarviðurkenningu að því er varðar útgöngu Bretlands úr Sambandinu (Stjtið. ESB L 8I, 10.1.2019, bls. 1), sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 11, 14.1.2019, bls. 34.“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) 2019/26, sbr. leiðréttingar sem birtust í Stjtið. ESB L 11, 14.1.2019, bls. 34, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. júní 2019, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 8. maí 2019.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 8I, 10.1.2019, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.